



## Fréttabréf FFA febrúar 2025

### Til félagsmanna í FFA - Félagsgjöld fyrir 2025

Í febrúar kemur í netbanka félagsmanna fyrir félagsgjaldi í FFA fyrir árið 2025. Eindagi verður 1. apríl. Árbók FÍ og tímarit FFA Ferðir koma út eitthvað síðar, tilkynning um það kemur þá.

Félagsgjaldið 2025 er 9.800 kr. Félagsskírteinið veitir afslátt í ferðum FFA og FÍ svo og í skálum þessara félaga. Það gildir einnig fyrir maka/sambýlisfólk og börn undir 18 ára aldri. Auk þess er fjöldi verslana sem veitir afslátt út á skírteinið. Félagar í FFA hafa öll sömu réttindi og í FÍ, sama félagsskírteini.

Hægt er að sjá meira um þetta á heimasíðu FFA [ffa.is](http://ffa.is)

Makar/sambýlisfólk félagsmanna geta gerst félagar í FFA og er félagsgjaldið fyrir þá 5.400 kr. Þeir fá félagsskírteini og öll sömu réttindi og félagsmaður en ekki Árbók FÍ.

### Kynning á sumarleyfisferðum FFA 2025

**13. febrúar kl. 20 í húsnæði FFA**

FFA hefur um árabíl boðið upp á ferðir um Ódáðahraunssvæðið. Ingvar Teitsson er einn þeirra sem þekkir það einna best. Á kynningunni ætlar hann að fara vítt og breytt um svæðið með okkur, segja frá uppbyggingu FFA þar, sögur af ferðum og rifja upp fjölbreytta möguleika ferðamannsins á þessu magnaða svæði. Inn í frásögn hans fléttast svo þrjár ferðir sem eru á ferðaáætlun FFA 2025 á Ódáðahraunssvæðinu; fjögurra daga ferð um Öskjuveginn, fjögurra daga ferð frá Herðubreiðarlindum að Öskju og síðast en ekki síst helgarferð á Herðubreið.

Einnig ætla þær Ásdís og Birna að segja okkur frá fyrirhugaðri helgarferð inn á Glerárdal í ágúst.

Fararstjórar ferðanna verða á staðnum.

Allir velkomnir

### Opið hús 6. febrúar kl. 20, Strandgötu 23 - “Á fjöllum er klukkan ekki neitt”

Rakel Hinriksdóttir, blaðamaður Akureyri.net, skáld og listakona segir frá dvöl sinni sem skálavörður í Drekgili við Öskju síðasta sumar. [Sjá meira](#)



**Grunnámsskeið á utanbrautarskiðum hófst 28. janúar og fór vel af stað.**

**Framhaldsnámsskeið á utanbrautarskiðum hefst 18. febrúar, enn er hægt að skrá sig á heimasíðu [ffa.is](http://ffa.is)**

